

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 13. desember 2016
UST201611-040/B.S.
10.05.08

Efni: Fyrirspurn – Birnudalsvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Umhverfisstofnun vill benda Sveitarfélaginu á að um slík mál skal fjalla í samræmi við 3. mgr. 36. Gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en þar segir: *Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruuminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.]* ¹⁾ *Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir skv. 1. og 2. mgr. 68. gr. liggja fyrir. Við afgreiðslu umsókna um leyfi skal gæta ákvæða 4.–6. mgr. [61. gr.]* ¹⁾

Umhverfisstofnun telur enn fremur að sveitarstjórn eigi að kanna hvort hér sé um að ræða framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umsögn: Fyrirhugað er að reisa stíflu í 380 m hæð í Birnudalsá. Þaðan verður lögð um 1800 m löng fallpípa að stöðvarhúsi sem ráðgert er að grafa að hluta inn í hlíðina í Staðardal. Frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Staðardal liggur um 5 km langur vegslóði að Hringvegi 1. Ráðgert er að leggja jarðstreng meðfram slóðinni frá stöðvarhúsi að dreifikerfi Rarik. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er vel gróið.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 632 á náttúruuminjaskrá: Verndargildi svæðisins er talið vera: *„Stórbrotið landslag, jarðmyndanir s.s. jökulminjar og gabbróhnulungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100-1300 m hæð.“*


Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdir verði vegna lagningar fallpípu og gerð vegslóða frá stíflu að stöðvarhúsi. Með vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi á að vera unnt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar. Sérstaklega á að gæta þess að gröftur


Í hliðum valdi ekki úrrennsli og röskuð svæði verði grædd upp. Ekki ætti að nota til uppgræðslu grastegundir sem stinga í stúf við gróður á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að ef vandað verði til verka muni fyrirhuguð framkvæmd ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 632 á náttúruminjaskrá, en verndargildi svæðisins felst í jarðminjum og stórbrotnu landslagi.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri